

## ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

### 238. FUNDUR.

238. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 28. maí 2014 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

#### Fundinn sátu:

Leó Örn Þorleifsson, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Stefán Einar Böðvarsson, Elín R. Líndal, Elín Jóna Rósinberg, Ragnar Smári Helgason, Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

#### Embættismenn:

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri, Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

#### Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Oddviti setti fund.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá fundarins undir 2. lið viðauka 7 Samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

### 1. Málefni Laugarbakkaskóla.

Oddviti lagði fram og kynnti bréf Fólks og ferða ehf. dags. 28. maí 2014 þar sem fram kemur að félagið falli frá kauptilboði í Laugarbakkaskóla og tengdar eignir þar sem ekki hafi tekist að fjármagna tilboðið. Í bréfinu kemur einnig fram að félagið hafi enn áhuga á verkefninu en tímaramminn til fjármögnunar hafi verið full stuttur að þessu sinni.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögur:

**A.** „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að frá og með skólaárinu 2014/2015 fari skólalald fyrir 1.-10. bekk í Grunnskóla Húnaþings vestra fram á Hvammstanga. Skólalald á Borðeyri verði áfram með sama hætti og verið hefur fyrir 1.-4. bekk. Samþykkt þessi er þó með þeim fyrirvara að nýkjörin sveitarstjórn Húnaþings vestra muni ekki afturkalla ákvörðunina á fyrirhuguðum fundi sínum þann 15. júní nk.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**B.** „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að segja upp E-01 verksamningi við Húnavirki ehf. um akstur skólabarna á leið 10 milli Hvammstanga og Laugarbakka, dags. 11. maí 2011 ásamt viðaukasamningi um annan akstur fyrir Húnaþing vestra dags. 17. maí 2011.

Samanber ákvæði í 12. gr. verksamningsins frá 11. maí 2011 og 5. gr. samnings um annan akstur frá 17. maí 2011 er heimilt að segja samningunum upp í síðasta lagi 15. júní ár hvert. Uppsögnin gildir frá upphafi skólaárs 2014/2015.

Samþykkt þessi er þó með þeim fyrirvara að nýkjörin sveitarstjórn Húnaþings vestra muni ekki afturkalla ákvörðunina á fyrirhuguðum fundi sínum þann 15. júní nk.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

## 2. Viðaukar við fjárhagsáætlun ársins 2014. Oddviti kynnti.

### Viðauki 6

Sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs leggja fram tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2014, deild 0789 Styrkur kr. 500.000 til kaupa á hjartahnoðtæki í sjúkrabíla í sveitarfélaginu. Kostnaði verði mætt með lækkun á eigin fé. Viðauki 6 borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

### Viðauki 7

Sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs leggja fram tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2014. Í samræmi við ábendingar endurskoðanda vegna hallareksturs þjónustumiðstöðvar er lagt til að aðalsjóður greiði rekstrarframlag til þjónustumiðstöðvar kr. 15.000.000 á árinu 2014, sem færast á liði 2041 og 3308. Þessi millifærsla hefur ekki áhrif á heildarniðurstöðu fjárhagsáætlunar. Viðauki 7 borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

### Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:

„Sveitarstjórn Húnaþings vestra færir íbúum sveitarfélagsins, starfsmönnum og nefndarfólki þakkir fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu sem nú er að líða.“

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl 15:17.

---

Leó Örn Þorleifsson.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Ragnar Smári Helgason..

---

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir.

---

Elín R. Líndal.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

---

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari.